

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 3. tbl. 6. árg. 2. febrúar 2012

Myndir augnabliksins eru frá Brekku- og Hríseyjar-skóla og sýna duglega og áhugasama nemendur 1. bekkjar í Brekkuskóla og þorablót í Hríseyjar-skóla.



Dagur leikskólans.

Mánudaginn 6. febrúar verður dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. 6. febrúar er merkisdagur í íslenski leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við. Félag leikskólakennara mun í tilefni dagsins afhenda öllum leikskólum og sveitarfélögum landsins veggspjald með gullkornum frá leikskólabörnum. En auglýst var eftir gullkornum frá leikskólum landsins. Þau þurftu að vera lýsandi fyrir það nám sem leikskólabörn stunda og óskað var eftir mynd með. Hægt verður að skoða veggspjaldið í leikskólunum.

Í leikskólum Akureyrar verður ýmislegt um að vera og hér má sjá dagskrá frá nokkrum leikskólum:

Í Lundarseli verður opið hús milli klukkan 9.00-11.00 og 13.00-15.00.

Dagskrá opna hússins er eftirfarandi:

Afmæliskort til Akureyrarbæjar verða til sýnis.

Akureyrarbær er 150 ára á árinu og í tilefni þess ætla börnin í Lundarseli að gera afmæliskort. Afmæliskortin verða til sýnis þennan dag á deildum barnanna en börnin munu svo færa Amtbókasafninu kortin síðar.

Einnig verða fleiri myndlistarverk eftir börnin til sýnis.

Myndband Kriudeildar rúllar í salnum. Myndbandið sem ber titilinn „Umhyggja og virðing“ var tilnefnt sem eitt af fimm myndböndum í stuttmyndakeppni leikskólanna, sem haldin var í tilefni af Degi leikskólans 2011 á vegum FL og FSL.

Opið hús á Sunnubóli milli klukkan 9.00-11.00 og 13.00-15.00.

Kynnt verður þemavinna um Hrafninn sem unnin hefur verið undanfarnar vikur. Börnin syngja um krumma, hlusta á sögur um hann og túlka hann á allskyns hátt. Hluti af afrakstrinum verður til sýnis þennan dag.

Einnig munu myndir úr starfinu rúlla í tölvu á þessum tíma.

Leikskólinn Holtakot.

Í tilefni dagsins verður sett upp sýning í Kristjáns-Café föstudaginn 3. febrúar. Til sýnis verða listaverk sem allir hópar leikskólans hafa unnið úr endurvinnanlegum efniviði (heimilissorpi).

Leikskólinn Flúðir.

Farið verður með 4 ára hópinn í verslunina Hrísalund og munu börnin mála anddyrið þar eftir sínu höfði. Ýmislegt fleira verður gert til skemmtunar þennan dag.

Leikskólinn Iðavöllur.

„Fjölskyldufjör í leikskólanum frá klukkan 15:30-17:30“.

Leikskólinn Kiðagil.

Haldin verður myndlistarsýning í flugstöðinni á Akureyrarflugvelli. Einnig munu börnin gera sér glaðan dag í leikskólanum með skemmtun á sal.

Hægt er að skoða heimasíður leikskólanna á vef skóladeildar: <http://skoladeild.akureyri.is/is/page/leikskolar>

Ný heimasíða Netlu – vef tímarits um uppeldi og menntun.

Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun var opnuð á nýrri slóð og í nýjum búningi á tíu ára afmæli ritsins 9. janúar 2012. Nokkurn tíma mun taka að samhæfa nýja vefinn og eldri greinar og Netla í eldri gerð verður aðgengileg óbreytt þar til því er lokið.

Ný heimasíða: <http://netla.hi.is>.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Markmið: Nemendur læri um eðli og gildi þeirra siðferðisdyggða sem sammæli er um í þjóðfélaginu, svo sem áreiðanleika, hjálpssemi, heiðarleika, sannsögli, umhyggju og góðvild og fái þjálfun í að temja sér þær í leik og starfi.

Í góðum skóla...

- er uppbyggjandi andrúmsloft þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum.
- er unnið að því að efla félags- og samskiptafærni nemenda í leik og starfi.
- er unnið með viðfangsefni er varða sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl.
- öðlast nemendur leikni í að leysa ágreining og umgangast aðra af virðingu.

Skákdagurinn í Grímsey.

Í Grímsey var Skákdagur Íslands haldinn hátíðlegur 26. janúar á afmælisdegi Friðriks Ólafssonar stórmeistara. Af því tilefni heimsótti Hrafn Jökullsson frá Skákakademíunni eyjuna. Hann leiðbeindi nemendum Grímseyjarskóla í skák. Eftir það fór fram skákkeppni í skólanum og skemmtu nemendur og kennarar sér mjög vel. Myndirnar eru teknar af heimasíðu Grímseyjarskóla.



Fréttir úr Tröllaborgum.

Í janúar var fjölmenningsarkíni í leikskólanum Tröllaborgum. Þá voru skoðuð landakort, bækur og myndir, hlustað á tónlist og lærðir söngvar til að kynna menningu þeirra þjóða sem börnin í leikskólanum rekja uppruna sinn til. Fjölmenningsarkíni lauk svo með rammíslensku þorablóti og vinastund þar sem sungið var saman og skoðaðar myndir frá löndunum sem unnið var með. Á myndunum má sjá áhugann skína úr andlitum barnanna.



Kynningarfundur um val um grunnskóla 2012

verður haldinn miðvikudaginn 8. febrúar kl. 20:00-22:00 í sal Brekkuskóla.

Dagskrá:

Ávarp: Preben Pétursson formaður skólanefndar
 Kynning á Giljaskóla
 Kynning á Brekkuskóla
 Kynning á Naustaskóla
 Kynning á Glerárskóla
 Kynning á Oddeyrarskóla
 Kynning á Lundarskóla
 Kynning á Síðuskóla
 Fyrirspurnir

Stjórnandi fundarins er Gunnar Gíslason fræðslustjóri.

Grunnskólarnir verða með opið hús kl. 09:00-11:00 fyrir foreldra eftirtalda daga í febrúar:

Miðvikudaginn 8. febrúar - Lundarskóli

Föstudaginn 10. febrúar - Brekkuskóli og Giljaskóli

Þriðjudaginn 14. febrúar - Oddeyrarskóli

Miðvikudaginn 15. febrúar - Naustaskóli

Fimmtudaginn 16. febrúar - Glerárskóli

Föstudaginn 17. febrúar - Síðuskóli

Foreldrar barna sem fædd eru árið 2006 eru hvattir til að mæta!

Hægt er að nálgast bæklinginn Skólaval 2012 á heimasíðu skóladeildar

<http://skoladeild.akureyri.is/>

Miðstöð skólaþróunar.

Fræðslufundur verður haldinn að Sólborg við Norðurslóð 16. febrúar 2012 kl. 15:20-16:20 í L-202

Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur hjá miðstöð skólaþróunar HA:

Rödd nemenda og hlutdeild í skólastarfi

Á fræðslufundinum segir Sólveig Zophoníasdóttir frá meistaraprófsverkefni sínu sem fólst í gerð námskrár sem kallar eftir rödd nemenda og hlutdeild í skólastarfi. Leitað var svara við rannsóknarspurningunni: Hvað einkennir námskrá sem laðar fram rödd nemenda?

Sjá nánar á: <http://www.unak.is/skolathrounarsvid/forsida/>

Amtbókasafnið.

Barnabókasetur og „Yndislestur æsku minnar“.

Laugardaginn 4. febrúar kl. 12.00 verður stofnað Barnabókasetur á vegum Háskólans á Akureyri, Minjasafnsins og Amtsbókasafnsins. Af því tilefni verður opnuð sýningin „Yndislestur æsku minnar“ um eftirlætis barnabækur í máli og myndum.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 16. febrúar 2012